

L Ö G

um breyting á lögum um stofnun og slit hjúskapar,
nr. 39 27. júní 1921.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna breytist þannig, að í stað „21 árs“ komi: 20 ára.

2. gr.

8. gr. laganna breytist þannig, að í stað „21 árs“ komi: 20 ára.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslensk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn ákveðst 500 kr. á mánuði og miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem sjómenn.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 3000.00 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenskum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Hlutaráðnir menn skulu njóta frádráttar samkv. 1. og 2. málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

Ef sjómenn á íslenskum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattýfirvalda.